

**Nd.**

**148. Frumvarp til laga**

[135. mál]

um breyting á lögum nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Matthías Bjarnason.

1. gr.

4. mgr. 14. gr. laganna orðist svo:

Skattaðili getur farið fram á frestun skattlagningar söluhagnaðar af landi bújarða, ófyrmanlegum náttúruauðæfum á bújörðum, atvinnuhúsnæði, tækjum, bátum og öðrum eignum, sem notaðar eru í atvinnurekstri, um tvenn áramót frá söluþegi, enda afli hann sér sambærilegra eigna eða íbúðarhúsnæðis allt að þeim stærðarmörkum, sem greinir í 16. gr., í stað hinna seldu eigna innan þess tíma og færist þá söluhagnaðurinn framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr. til lækkunar stofnverði hinnar nýju eignar. Nemi stofnverð hinnar nýju eignar lægri fjárhæð en söluhagnaðinum telst mismunurinn til skattskyldra tekna. Þessi meðferð söluhagnaðar er því aðeins heimil að seljandi hafi haft atvinnurekstur á hinni seldu eign að aðalstarfi í a. m. k. fimm ár á síðastliðnum átta árum næst á undan söluþegi og stundi atvinnurekstur á sama hátt á hinni keyptu eign eða eigi hið keypta húsnæði í a. m. k. tvö ár eftir kaupdag. Ef þessum skilyrðum er ekki fullnægt telst söluhagnaðurinn, framreiknaður skv. 2. mgr. 13. gr., með skattskyldum tekjum þess árs þegar skilyrðið er rofið, að viðbættu 10% álagi. Frestun tekjufærslu kemur því aðeins til greina að yfirfæranleg rekstrartöp hafi verið jöfnuð.

2. gr.

44. gr. laganna orðist svo:

Til viðbótar fyrningu skv. 38. gr. er heimilt að fyrna eignir, sbr. 32. gr., um fjárhæð jafna skattskyldum hluta söluhagnaðar af fyrnanlegum eignum á sama rekstrarári og söluhagnaður færist til tekna.

3. gr.

53. gr. laganna falli niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Hafi verið lagður tekjuskattur eða önnur opinber gjöld á skattþegn vegna tekjufærslu skv. 53. gr. á skattframtölum 1980 og 1981 skal skattstjóri endurreikna gjöld hans miðað við það að tekjufærsla þessi sé felld niður.

**Greinargerð.**

Um 1. gr.

Hér er lagt til að gera þá breytingu á 4. mgr. 14. gr. laganna, að frestun skattlagningar söluhagnaðar verði heimil með nokkuð rýmkuðum hætti, þannig að þeim, sem af einhverjum sökum verður að hætta atvinnurekstri, verði ekki gert óhæfilega erfitt fyrir að koma undir sig fótum á nýjum stað.

Um 2. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að 53. gr. verði felld niður, þar af leiðir að ákvæði 44. gr., eftir 1. málslið, verða gagnslaus.

### Um 3. gr.

Hér er lagt til að tekju- eða gjaldfærsla vegna eigna og skulda verði felld niður úr lögnum.

Reynsla sú, sem fram er komin á þeim tveimur árum sem ákvæði 53. gr. hafa verið framkvæmd, sýnir að ákvæðið, er varðar tekjufærslu vegna skulda, kemur mjög illa við þá aðila sem eru að byrja atvinnurekstur og stofnað hafa til skulda af þeim sökum eða þá að skattþegn hefur orðið fyrir óhöppum í atvinnurekstri og stofnað til skulda af þeim sökum. Hér geta ýmsar ástæður komið til, ekki síst slæmt tíðarfar, aflaleysi o. fl.

Uppsafnaðar afborganir af skuldum, vextir og dráttarvextir hafa hér einnig áhrif á upphæð skulda. Skattlagning á þessa aðila þýðir að það dregur úr möguleikum þeirra að standa skil á sínum skuldum, sem eðlilegt er.

Ljóst er að ákvæði greinarinnar hefur verkað sem hemill á að menn byrji á sjálfstæðum atvinnurekstri. Einnig er ljóst að skattþegnar, sem verða fyrir skattlagningu af völdum ákvæða 53. gr., geta fræðilega ekki átt laust fé til að greiða gjöld þessi. Þeir verða þá að selja eignir sínar til að leysa vandann, sem dregur þá úr möguleikum á að halda áfram eðlilegum rekstri.

Gjaldfærsluheimildin skv. 53. gr. getur og valdið því, að þeir aðilar, sem lausir eru við skuldir og betur gengur hjá, fari að hagnýta sér regluna og láti safnast útistandandi kröfur yfir áramót og fái þess vegna frádrátt.

### Um ákvæði til bráðabirgða.

Vegna þeirra miklu greiðsluerfiðleika, sem hvíla á byrjendum í atvinnurekstri og öðrum, sem eins er ástatt um, og ekki er séð hvernig þeir geti greitt álögð gjöld vegna ákvæða 53. gr., sem lögð voru á 1980 og 1981, er lagt til að þau verði felld niður.